

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um flutning sláturfjár yfir varnarlínur.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Telur ráðherra að mikill og vaxandi flutningur sláturfjár yfir varnarlínur sé forsvaranlegur með tilliti til útbreiðslu sjúkdóma í sauðfé, svo sem riðuveiki? Ef svo er ekki, hvað hefur ráðherra gert eða fyrirhugar að gera til að tryggja sauðfjárveikivarnir?
2. Hyggst ráðherra gera ráðstafanir til að verja Strandir, Snæfellsnes og Þistilfjörð fyrir riðusmiti, t.d. með því að hlutast til um að sérstök sláturhús verði starfrækt þar og umferð fjárflutningabíla af riðusmituðum svæðum um þau héruð verði bönnuð?